# VIÐMIÐUNARKVARÐI
## FÓLKSBIFREIÐ

### Almenn ökuréttindi, B – flokkur

### Aukin ökuréttindi, farþegaflutningur í atvinnuskyni fyrir B - flokk

**Gildir frá 17. nóvember 2014**

**Villur í akstursprófi til farþegaflutninga í atvinnuskyni ber að meta strangar en til almennra ökuréttinda vegna eðlis akstursins.**

**Kvarðinn segir til um hvernig villur eru metnar í akstursprófum. Próftaki þarf að standast munnlegt próf í öryggisþáttum bifreiðar áður en hann gengst undir akstursspróf. Aksturstími í B-flokki er 35 mínútur en í prófi til farþegaflutninga í atvinnuskyni 45 mínútur.**

| Akstursþættir | - 12 | - 3 | - 1 |
|---|---|---|---|
| **0. Bakkað í/úr stæði eða fyrir horn** | - Próftaki er ófær um að framkvæma æfingu<br>- Alger vangeta í að bakka ökutæki í 5 tilraunum | - Erfiðleikar í bakki, t.d. árangur eftir 3-4 tilraun | - Endurtekning á bakki eða árangur ekki fyrr en í 2. tilraun<br>- Bíll aðeins skakkur í stæði eða lokastöðu eftir 1. tilraun. Villa fellur niður ef staðan er löguð |
| **1. Beygjur** | - Mjög víðar eða krappar beygjur sem valda verulegri hættu á árekstri<br>- Beygt til vinstri af vinstri vegbrún á tvístefnugötu<br>- Beygt yfir á rangan vegarhelming | - Víðar eða krappar beygjur sem geta skapað hættu, t.d. að hluta inn á rangan vegarhelming<br>- Numið staðar í miðeyju vegar í vinstri beygju að óþörfu<br>- Ekið upp á kant | - Víðar eða krappar beygjur - ekki beinlínis hættulegar en viðvaningslegar<br>- Beygt t.v. frá hægri vegbrún út úr einstefnugötu<br>- Vinstri beygja ekki tekin frá miðlínu vegar<br>- Bíll skakkur við miðlínu fyrir vinstri beygju<br>- Ekið utan í kant |
| **2. Staða á akbraut*** | - Ekið á röngum vegarhelmingi á móti umferð | - Ekið of nálægt öðrum ökutækjum fyrir framan eða til hliðar<br>- Ekið stöðugt of nálægt miðlínu, deililínu eða vegbrún<br>- Rásandi aksturslag<br>- Alvarleg villa er varðar framúrakstur<br>- Ekið ógætilega yfir blindhæð, við brýr eða mörk malbiks og malarvegar<br>- Hættuleg staðsetning eða of mikill hraði við mætingu<br>- Bil að næsta bíl undir 1 sek. | - Ekið á deililínu eða of nálægt miðlínu eða vegbrún<br>- Væg villa er varðar framúrakstur<br>- Óheppileg staðsetning í almennum akstri*<br>- Varúð ekki sýnd við ræsi og þrengingar<br>- Bil að næsta bíl 1-2 sek. |

| Akstursþættir | - 12 | - 3 | - 1 |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **3. Val akreina – akreinaskipti*** | - Sveigt stöðugt milli akreina og sköpuð hætta fyrir aðra vegfarendur<br>- Skipt um akrein í veg fyrir bifreið<br>- Ekið á móti einstefnu eða þar sem akstur er bannaður | - Röng akrein valin miðað við akstursleið<br>- Ólögleg akreinaskipti s.s. á óbrotinni línu milli akreina í sömu átt<br>- Ekið lengi á vinstri akrein þar sem tvær eru í sömu átt án ástæðu*<br>- Skipt milli akreina á gatnamótum | - Akrein lengst til hægri ekki valin af tveimur eða fleiri beygjureinum eða við gatnamót*<br>- Vinstri eða mið akrein notuð þegar eðlilegt er að vera á hægri akrein*<br>- Óþörf akreinaskipti s.s. áður og eftir að ekið er um gatnamót |
| **4. Hraði*** | - Ekið á meira en 15 km yfir hámarkshraða<br>- Ekið á meira en 25 km undir hámarkshraða þegar ekkert mælir með því<br>- Umferð tafin verulega með hægum akstri við góðar aðstæður* | - Ekið á milli 6-15 km yfir hámarkshraða<br>- Ekið á milli 15-25 km undir hámarkshraða þegar ekkert mælir með því<br>- Of mikill hraði miðað við aðstæður<br>- Alvarleg villa í notkun að- og fráreina | - Ekið á milli 1-5 km yfir hámarkshraða<br>- Ójafn hraði, óöryggi með hraða<br>- Væg villa í notkun að- og fráreina er varða hraðaminnkun og hraðaaukningu |
| **5. Athygli - öryggi í akstri** | - Mikið óöryggi í akstri og athygli hættulega lítil<br>- Engin athygli á hættum í umhverfinu<br>- Blinda svæðið ekki athugað við akreinaskipti í þrjú eða fleiri skipti | - Horft stöðugt á veg framan við ökutæki en lítið til hliðanna (augnhreyfingar, höfuðhreyfingar)<br>- Baksýnisspegill ekki notaður og engin athygli á umferð fyrir aftan<br>- Hliðarspeglar of lítið notaðir<br>- Ekið án aðgæslu við þröngar aðstæður eða framhjá hópbifreið á biðstöð<br>- Almennt óöryggi í akstri, hik og seinagangur<br>- Blinda svæðið ekki athugað þegar nauðsyn krefur | - Athygli lítil á umferð fyrir aftan eða til hliðar eða á hugsanlegum hættum<br>- Speglar lítið notaðir til að fylgjast með nálægri umferð<br>- Ekki litið til hliðanna á gatnamótum þar sem próftaki á forgang |
| **6. Ekið af stað – frágangur*** | | - Þrjár eða fleiri aðgerðir rangar í frágangi<br>- Drepið á vél með gír sem getur skapað hættu<br>- Bílbelti gleymast eftir að hafa losað þau s.s. eftir að bakkað er<br>- Ekið af stað frá vegbrún án aðgæslu | - Ein til tvær aðgerðir rangar í frágangi<br>- Startað í gír án þess að stíga á tengsli<br>- Handhemill á þegar ekið er af stað*<br>- Vantar að líta til hliðar eða að líta í spegil áður en ekið er af stað frá vegbrún |

| Akstursþættir | - 12 | - 3 | - 1 |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **7. Forgangur – hægri regla*** | - Svínað gróflega á vegamótum<br>- Biðskylda ekki virt þ.e. ekki dregið úr hraða eða aðgæsla sýnd | - Varúð ekki sýnd við hægri forgang - öll tilvik umfram tvö tilfelli*<br>- Svínað á aðra (sem eiga forgang) þ.e. að hafa forgang af öðrum | - Forgangur tekin af öðrum<br>- Varúð ekki sýnd við hægri forgang - fyrstu tvö tilfellin*<br>- Hikað óþarflega lengi við gatnamót |
| **8. Stöðvunarskylda*** | - Ekið viðstöðulaust án athygli út í umferð eftir að hafa numið staðar við stöðvunarlínu<br>- Stöðvunarskyldu ekki sinnt | - Röng staðsetning á stöðvunarskyldu* | - Ekið fram fyrir stöðvunarskyldulínu áður en numið er staðar*<br>- Önnur aðfinnsluverð óskilgreind atriði við stöðvunarskyldu<br>- Stöðvunarskyldu sinnt áður en komið er að línu* |
| **9. Akstur um umferðarljós** | - Ekið yfir á rauðu á vegamótum eða gangbraut | - Ekið gróflega yfir á gulrauðu<br>- Ekið af stað um leið og gult ljós kviknar<br>- Stoppað á grænu ljósi við gatnamót eða gangbraut<br>- Ekið af stað áður en gatnamót hreinsast<br>- Numið staðar á gulu þegar ætti að aka áfram og hraði er mikill á vegi og hætta skapast | - Ekið yfir á gulu þegar próftaki hefði átt að nema staðar<br>- Numið staðar á gulu þegar próftaki hefði átt að aka áfram<br>- Ekið inn á vegamót þegar útséð er að komast ekki yfir áður en rautt kemur vegna hreinsunar gatnamóta<br>- Ekið of snemma af stað, áður en grænt ljós kemur<br>- Ekið fram yfir stöðvunarlínu áður en stöðvað er við vegamót |
| **10. Ljós - þurrkur – miðstöð*** | | - Áberandi vankunnátta í notkun stjórntækja rúðuþurrka og/eða miðstöðvar<br>- Ekið með stöðuljós, þokuljós að óþörfu eða engin ljós<br>- Stefnumerki sleppt þar sem nota skal stefnuljós og hætta skapast<br>- Röng notkun á stefnuljósi sem skapar hættu | - Stefnumerki sleppt þar sem nota skal stefnuljós*<br>- Gleymt að taka stefnuljós af eftir beygju<br>- Ekki kveikt á miðstöð þrátt fyrir móðumyndun<br>- Vægari mistök í stjórn þurrku og miðstöðvar<br>- Stefnuljós gefið of seint<br>- Röng notkun á stefnuljósi<br>- Röng notkun aðalljósa |
| **11. Hringtorg*** | - Svínað gróflega í eða við hringtorg | - Skipt frá hægri akrein yfir á vinstri akrein þegar ekið er inn á hringtorg<br>- Skipt frá vinstri akrein yfir á hægri akrein þegar ekið er út af hringtorgi enda varúðar ekki gætt<br>- Skipt milli akreina í hringtorgi | - Óheppileg akrein valin í hringtorgi miðað við ætlaðan útkeyrslustað*<br>- Stefnuljósi til vinstri sleppt þegar ekið er fram hjá gatnamótum á ytri hring<br>- Stefnuljós notað áður en ekið er inn í hringtorg án þess að aka út á 1. útkeyrslu |

| Akstursþættir | - 12 | - 3 | - 1 |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **12. Aðgæsla v/gangandi eða hjólandi vegfarenda*** | - Ekið fyrir gangandi/hjólandi vegfaranda eða gróflega að honum | - Röng staðsetning við gangbraut<br>- Forgangur gangandi vegfarenda ekki virtur t.d. við gangbraut, gatnamót, hringtorg eða umferðarljós<br>- Varúð ekki sýnd í návist barna að leik<br>- Flautað að óþörfu á gangandi vegfarendur | - Ekið óhikað (hratt) yfir gangbraut án sýnilegrar aðgæslu (enginn viðstaddur)<br>- Ekið of nálægt gangandi/hjólandi vegfaranda<br>- Ekið án varúðar framhjá búfénaði |
| **13. Aksturslag – vistakstur*** | - Harkalegur akstur t.d. hemlað snöggt og rykkt af stað (almennt)<br>- Ófær um að taka af stað í brekku | - Ítrekaðir erfiðleikar með stjórntæki<br>- Hastur akstur þ.e. rykkt af stað og stöðvað snögglega eða ekið óvarlega um hraðahindranir og ójöfnur á vegi, einstök tilvik<br>- Snúningur vélar langt yfir/undir vistakstursmörkum*<br>- Bakrennsli sem veldur hættu á árekstri | - Drepið á vél í akstri, umfram eitt skipti<br>- Rangar eða óheppilegar gírskiptingar<br>- Snúningur vélar almennt yfir/undir vistakstursmörkum*<br>- Lestur umferðarljósa áfátt<br>- Bíll látinn renna í hlutlausum/staðið á kúplingu<br>- Ómjúkur akstur<br>- Fótur látinn hvíla á kúplingsfetli |
| **14. Stýrisgrip - seta undir stýri** | - Önnur hönd á stýri (ítrekað) eða öryggisbelti ekki notað | - Rangt stýrisgrip s.s. önnur hönd á stýri eða haldið laust með fingrum<br>- Öryggisbelti ekki notuð í upphafi prófs eða eftir að stöðvað hefur verið (gleymska)<br>- Röng stilling á sæti/stýri sem getur skapað hættu | - Röskun á stýrisgripi í beygjum t.d. krossun handa<br>- Röng eða óheppileg stilling á sæti<br>- Ekki setið rétt undir stýri |
| **15. Farþegar - þjónusta – Bff*** | - Rangt staðarval s.s. þar sem bannað er að stöðva eða leggja<br>- Ómjúkur akstur, skiptingar og hemlun harkalegar | - Ekkert litið í spegil eða fylgst með ástandi í bíl<br>- Mjög kalt eða heitt í bíl<br>- Veruleg vandræði við að leggja<br>- Slæm staðsetning, bíll skakkur eða illa komið fyrir í stæði eftir 3. tilraun<br>- Ómjúkur akstur, hemlað harkalega oftar en einu sinni | - Sjaldan litið í spegil og lítil athygli hugsanlegum á atburðum í bíl<br>- Slæm staðsetning þ.e. bíll skakkur eða illa komið fyrir í stæði<br>- Slæmt staðarval s.s. þar sem óhentugt er að leggja<br>- Bíll veldur óþarfa mengun við ferðamannastað*<br>- Ökumaður fer ekki út og aðstoðar farþega<br>- Hemlað harkalega |

<table>
<tr><th>Akstursþættir</th><th>- 12</th><th>- 3</th><th>- 1</th></tr>
<tr><td rowspan="2">16. Annað:*</td><td rowspan="2">- Mjög alvarleg tilvik í akstri sem stefnt hefur öryggi manna í hættu og eru ekki tilgreind í öðrum flokkum<br>- Ekið á hluti eða að prófdómari þarf afstýra hættu</td><td>- Aðfinnsluverð atriði sem ekki eru tilgreind í öðrum flokkum</td><td>- Vægar athugasemdir sem ekki eru tilgreindar í öðrum flokkum</td></tr>
<tr><td colspan="2">+1 Heimilt er að gefa plús-stig að akstri loknum ef próftakinn hefur sýnt hæfni sem telst langt framyfir þær kröfur sem gerðar eru til akstursins. Dæmi:<br>- Athygli sérlega góð, t.d. þar sem aðrir eiga að veita forgang<br>- Sérstök tillitssemi<br>- Einstaklega mjúkur akstur – vistvænn akstur</td></tr>
</table>

* Nánari leiðbeiningar eru í skjali 6.5 í prófahandbók, *Leiðbeiningar SGS fyrir verkleg próf*